

Fertugasti og þriðji fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn þann 14. febrúar 2019 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta

- a. Páll Örn Línadal f.h. N1 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir sölu matvæla á þjónustustöð N1 að Háholti 11 í Mosfellsbæ.

Heilbrigðiseftirlitið gaf leyfi út til tólf ára þann 27. desember 2018 með vísan til laga um matvæli og með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar.
„Staðfest.“

- b. Agnes Ósk Guðjónsdóttir f.h. Agnes ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir snyrtistofu að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.

„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur.“

- c. Hafsteinn Helgi Halldórsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsi, gististað í flokki II, að Hamrabrekkum 5 í Mosfellsbæ.

Heilbrigðiseftirlitið samþykkti leyfið þann 14. janúar 2019 til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir minna gistiheimili.
„Staðfest.“

- d. Kleif slf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili, einkavatnsveitu og samkomusal með fullbúnu eldhúsi.

Heilbrigðiseftirlitið samþykkti leyfið þann 1. janúar 2019 til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir minna gistiheimili og samkomusali.
„Staðfest.“

- e. Steinunn Bjarney Hilmarsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir útleigu á frístundahúsi, gististað í flokki II, að Hvammsbraut 3, Kjósarhreppi.

„Samþykkt til 12 ára með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir minna gistiheimili. Hámarksgestafjöldi er fjórir gestir.“

Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvaran útgefin í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- f. Borgarplast hf sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir hverfisteypu- og frauðplastverksmiðju að Völuteigi 31-31a í Mosfellsbæ. Endurskoðað starfsleyfi

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

fyrir Borgarplast hf var auglýst frá 10. janúar til 7. febrúar 2019 á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Engar athugasemdir bárust og gaf Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis leyfið út í framhaldinu þann 8. febrúar 2019. „*Staðfest.*“

Eftirfarandi starfsleyfi eru í auglýsingu á vef Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis:

Þann 6. febrúar 2019 sækir ÞK byggingastjórn og ráðgjöf um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs á gamla golfskálanum á Hlíðavelli í Mosfellsbæ ásamt nærliggjandi geymsluskúr. Fyrirhugað er að veita tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi á þessum eignum með [starfsleyfis skilyrðum fyrir niðurrifi húsa](#) með gildistíma til 15. apríl 2019. Starfsleyfið er auglýst til 6. mars 2018.

Þann 31. janúar 2019 sækir Helgi Rafnsson um leyfi til að rífa alifuglahús, hesthús og hlöðu að Brattahlíð 16-18. Fyrirhugað er að veita tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi á þessum eignum með [starfsleyfis skilyrðum fyrir niðurrifi húsa](#) með gildistíma til 15. apríl 2019. Starfsleyfið er í auglýsingu til 26. febrúar 2019.

Afstaða verður tekin til ofangreindra umsókna að auglýsingatíma loknum.

Tóbakssöluleyfi

- g. Baldur Jónsson f.h. Krónunnar ehf. sækir um endurnýjun tóbakssöluleyfis fyrir verslun Krónunnar að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið samþykkti leyfið þann 20. janúar 2019 til 4 ára með tilvísun í lög um tóbaksvarnir. „*Staðfest.*“

2. Umsagnir:

Erindi sýslumanns

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 6. september 2018 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund frístundahús, að Hamrabrekkum 5 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 14. janúar 2019. „*Staðfest.*“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. janúar 2019 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af þorrablóti og dansleik í Íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ þann 26. janúar 2019. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. janúar 2019. „*Staðfest.*“

3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Lögð fram ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2018.

4. Gjaldskrá fyrir heilbrigðis og mengunarvaraeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Lögð fram drög að nýrri gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

5. Skipun í vatnasvæðanefnd

Lagt fram bréf Umhverfis og auðlindaráðuneytisins dagsett 14. desember 2018 þar sem óskað er tilnefningar Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Heilbrigðisnefnd tilnefnir Hafstein Pálsson í vatnasvæðanefnd.

6. Innleiðingaráætlun MAST

Lögð fram innleiðingaráætlun Matvælastofnunar vegna innleiðingar á lögum nr. 33/2018 um breytingu á lögum um matvæli 93/1995.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fagnar aukinni samvinnu og samráði við Matvælastofnun en telur að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem sett voru fram á fundi með innleiðingarteymi MAST á fundi þann 5.11.2018. Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis tekur að öðru leyti undir athugasemdir sem fram hafa komið frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra um skjalið og leggur til að áætlunin verði endurskoðuð.

7. Önnur mál

- a. Lögð fram 126. fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins ásamt ársskýrslu framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2018.
- b. Héraðsdómur Reykjavíkur Fylkir ehf. gegn Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. Kynnt að aðalmeðferð fer fram þann 14. febrúar 2019 og dóms að vænta innan fjögurra vikna.

Fundi slitið kl. 19:00.